

Umhverfis- og samgönguráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. september 2022
USK22090065

Efni: Umsögn um tillögu Sósíalistasflokks Íslands um tíðni sorphirðu við íbúðarhúsnæði í Reykjavík US220194

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. september sl. var lögð fram að nýju og vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalista, sbr. 25. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. ágúst 2022.

„Reykjavíkurborg samþykkir að auka tíðni sorphirðu við íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Hirðutíðni yrði þá breytt í kjölfarið á heimasíðunni. Gráar tunnur verða tæmdar vikulega. Bláar og grænar tunnur verða tæmdar aðra hverja viku. Þessa reglur munu breytast án þess að gjald verði hækkað á almenning. Fyrir bankahrúnið árið 2008 var sorphirða í Reykjavík mun tíðari en í dag. Gráar tunnur voru hirtar vikulega og flokkunartunna aðra hverja viku. Eftir hrunvar ákveðið að skera niður tíðnina til þess að hagræða í rekstri borgarinnar. Síðan þá hefur hirðutíðni gráu tunnunnar endað í annarri hverri viku og flokkunartunnur á 21 dags fresti.“

Greindargerð fylgdi tillögunni: „Nú eru liðin að verða 15 ár frá hrúni, og núverandi ástand kallar á svipað fyrirkomulag og fyrir var niðurskurðinn sem framkvæmdur var í kjölfarið. Það er borgarbúum ekki óalgeng sjón að sjá rusl yfirfylla tunnur sínar sem hefur í för með sér að rusl og plast fýkur um göturnar. Plast og rusl mengun á ekki að líðast í borginni og því er mikilvægt að komið verði í veg fyrir hana með því að auka hirðutíðnina, svo að sómi sé af umhverfismálum í borginni.“

Umsögn skrifstofu umhverfisgæða:

Skipulag sorphirðu í Reykjavík og þ.m.t. tíðni hennar hefur tekið breytingum í kjölfar þess að flokkun hófst í pappírs- og fernugáma á árunum fyrir 2000. Þegar farið er að flokka úrgang og hann dreifist á fleiri tunnur skapast tækifæri til endurskoðunar á hirðutíðni til að tryggja góða nýtingu sorpílata og lágmarka akstur sorphirðubíla og draga úr kostnaði við hirðuna.

Byrjað var að bjóða upp á blátunnur við heimili árinu 2009. Í dag eru rúmlega 65% heimila í borginni með tunnuna. Hirðutíðni grátunnu var fyrst óbreytt (vikuleg) en hún færðist í 10 daga árið 2011 til að ná fram hagræðingu. Árin á undan hafði magn blandaðs úrgangs í grátunnu dregist talsvert saman eða um 26% frá árinu 2006 (þegar borgin hætti að þjónusta fyrirtæki) og 6,5 % frá árinu 2009 þegar blátunna var innleidd. Á árinu 2015 var byrjað að bjóða upp á græna tunnu og hirðutíðni grátunnu færð í 14 daga til að mæta aukinni flokkun og samdrætti í magni á blönduðum úrgangi. Í dag eru um 33% heimila með græna tunnu. Á árinu 2021 var safnað 132 kg/íbúa af blönduðum úrgangi í gráar



tunnu sem er 43% minna (101 kg) en árið 2006. Þetta skipulag á hirðutíðni gerir ráð fyrir þátttöku íbúa og þeir flokki heimavið eða noti grenndar- og endurvinnslustöðvar. Íbúar sem ekki flokka eða flokka ekki í alla flokka geta pantað sér viðbótar ílát og greiða þar fyrir gjald fyrir viðbótartunnuna í takti við þá reglu að þeir borgi sem menga.

Í byrjun næsta næsta árs taka gildi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, þar sem skylda er að vera með 4 flokka úrgangs við hús. Við þá breytingu má búast við að flokkun pappírs og plasts aukist enn frekar auk þess sem lífúrgangur verður flokkaður frá. Samhliða þessari breytingu liggja fyrir tillögur um endurskoðun hirðutíðni, þar sem hirðutíðni á öllum flokkum úrgangs verður á 14 daga fresti. Er þá hirðutíðni á endurvinnsluúrgangi aukin þar sem stöðum þar sem plássleysi er í geymslum og erfitt að bæta við ílátum undir fleiri flokka. Þar sem flokkun við húsvegg verður að skyldu fjölgar ílátum sem þarf að tæma, en með aukinni tíðni minnkar magnið í þeim á móti og yfirferðin verður léttari.

Tillagan gerir ráð fyrir því að aukið sé við þjónustu án þess að gjald verði hækkað á almenning.

Sorphirðugjöld eru innheimt samkvæmt þeirri meginreglu umhverfisráttarins að sá borgi sem mengar. Sveitarfélögin eru skuldbundin skv. lögum að innheimta raunkostnað við málaflokkinn.

Friðrik K. Gunnarsson
skrifstofu umhverfisgæða